

75. fundur sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps, Végarði 5.4. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnar Gunnarsson 1. varamaður í forföllum Gunnþórunnar Ingólfsdóttur, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Undir 1. dagskrálið voru mættir Stefán Bogi Sveinsson og Sveinn Þórarinsson. Undir 2. lið í breyttri dagskrá var mættur Sveinn Þórarinsson skipulagsfulltrúi og undir lið 4. í breyttri dagskrá var mættur Skúli Björn Gunnarsson í fjarfundarbúnaði.

Í upphafi fundar bar oddviti fram tillögu um eftirfarandi breytingar á dagskrá. Liður 2. verður númer 4, liður 3. verður númer 5, liður 4. verður númer 2 og liður 5. verður númer 3. Undir lið 8. var bætt við fundargerð samfélagsnefndar (c. liður) og undir lið 9. var bætt við erindi frá Ann-Marie Schlutz og Kerstin König (e. liður) og erindi frá Ann-Marie Schlutz (f. liður).

Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Svæðisskipulag Austurlands. Stefán Bogi Sveinsson
2. Búsetuminjaverkefni. Skúli Björn Gunnarsson
3. Skipan í samráðshóp um vindmyllugarð.
4. Samningur við MVA
5. Tilboð Austurbygg ehf. í þjónustuhús
6. Umsagnir um drög að umhverfis og loftslagsstefnu.
7. Grenjavinnsla
8. Fundargerðir:
 - a. Almannaþing 28.3.2022
 - b. Stjórnar Minjasafns Austurlands 24.3.2022
 - c. Fundargerð samfélagsnefndar 24.3.2022
9. Erindi:
 - a. Römpum upp Ísland
 - b. Lausaganga geita
 - c. Aðstöðuhús við Fljótisdalsgrund
 - d. Fljótisdalsdagur
10. Fjarbeiðni frá Íslandsdeild Íslandsdeildar Transparency International
11. Skýrsla sveitarstjóra

12. Önnur mál

1. Svæðisskipulag Austurlands.

Stefán Bogi Sveinsson kynnti drög að svæðisskipulagi fyrir Austurland, sem unnið var af sveitarfélögum á starfssvæði SSA í samstarfi við Austurbrú og ráðgjafastofunni Alta.

Sveitarstjórn samþykkir svæðisskipulagið með fyrirvara um samþykki Byggingar- og skipulagsnefndar.

2. Samningur við MVA

Farið yfir stöðu mála með skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Í framhaldinu var Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við MVA á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

3. Tilboð Austurbygg verktakar ehf. í þjónustuhús

Eftir umræður um málið var ákveðið að hafna tilboði Austurbygg verktaka ehf. Sveitarstjóra falið að fara í samningaviðræður við Austurbygg verktaka ehf.

4. Búsetuminjaverkefni. Skúli Björn Gunnarsson

Varðar styrkbeiðni vegna fornleifaskráningar í sveitarfélaginu. Samþykkt að setja 1.500.000 kr. í verkefnið og verður styrkurinn tekin af liðnum skipulagsmál.

5. Skipan í samráðshóp um vindmyllugarð

Samþykkt að skipa sveitarstjóra Helga Gíslason og Kristinn Bjarnason lögmann sveitarfélagsins í samráðshópinn.

6. Umsagnir um drög að umhverfis og loftslagsstefnu

Nokkrar umsagnir hafa borist við stefnunni, en fleiri eru væntanlegar. Ákveðið að bíða með afgreiðslu málsins þar til þær hafa borist.

7. Grenjavinnsla

Þrír aðilar sóttust eftir grenjavinnslu í suðurbyggð og Undir-Fellum. Sveini Ingimarssyni er falin grenjavinnsla í suðurbyggð og sveitarstjóra falið að ræða við hina tvo umsækjendurna um grenjavinnsluna Undir-Fellum.

8. Fundargerðir:

a. Almannaþing 28.3.2022

Kynnt.

b. Stjórnar Minjasafns Austurlands 24.3.2022

Kynnt.

c. Fundargerð samfélagsnefndar 24.3.2022

Kynnt

- 9. Erindi:**
- a. Römpum upp Ísland**
Kynnt.

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis

b. Lausaganga geita

Erindi frá Lárusi Heiðarssyni dagsetti 8.mars 2022 varðandi lausa göngu geita í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins er falið að vinna að málinu í samræmi við umræðu á fundinum.

Lárus kom aftur til fundar

c. Aðstöðuhús við Fljótsdalsgrund

Erindinu vísað til skipulags og byggingarnefndar.

d. Fljótsdalsdagar

Bréf frá Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttur. Sveitarstjórn fagnar þessu frumkvæði og vísar erindinu til ferðamálanefndar.

Gunnar vék af fundi vegna vanhæfis

e. Erindi frá Ann-Marie Schlutz og Kerstin König

Varðar kynningu á reglum um kosningar. Erindinu vísað til kjörstjórnar.

f. Erindi frá Ann-Marie Schlutz

Varðar kynningu á vindorkuverum og áhrif þeirra á umhverfið. Erindinu vísað til samráðshóps um vindmyllugarð.

Gunnar kom aftur til fundar

10. Fjárbreiðni frá Íslandsdeild Íslandsdeildar Transparency International

Erindinu hafnað.

11. Skýrsla sveitarstjóra

Tvær umsóknir hafa verið sendar inn vegna styrkvega. Sótt er um Þorgerðarstaðaveg í Suðurdal. Unnið verði áfram að endurbótum á veginum og að hann verði færður að hluta í landi Arnaldsstaða. Einnig er sótt um endurbætur á vegslóða inn í Geldingafell sem er nýtt verkefni.

Umtalsvert vatnstjón varð í gistiskálanum í Laugafelli þegar hiti fór af húsinu með þeim afleiðingum að það fraus í lögnum sem síðan frostsprungu. Verið er að þurrka húsið og um næstu helgi ætti að koma nokkuð vel í ljós umfang tjóns.

Í undirbúningi er umsögn um leiðbeiningar innviðaráðuneytis til valddreifðra sveitarfélaga (stundum kölluð fámenn sveitarfélög). Þar er ætlun ráðuneytis að þau geri

sérstaklega grein fyrir starfsemi sinni. Starfsemi sem ekki liggur fyrir hver er hjá öðrum sveitarfélögum. Að því loknu ætlar ráðuneytið að skrifa um greinargerðina sérstaka umsögn og með henni að blanda sér í kosningabaráttu innan sveitar.

12. Önnur mál

Anna Jóna benti á mikilvægi landbúnaðar í sveitarfélaginu. Í því eru 24 heimili með heilsársbúsetu, á 12 þeirra sauðfjárrækt undirstöðuatvinnan og skógræktartengd starfsemi á 5 til viðbótar.

Eiríkur lagði ársreikning Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps fram til kynningar.

Fundi slitið klukkan 18:49

Lárus ritaði fundargerð í tölvu